

*Alþingi**Erindi nr. Þ 120/1231**komudagur 22/3 1996*

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti
Arnarhvoli, 150 Reykjavík
Sími: 560-9010 - Myndsími: 552-7340

MYNDBRÉF

Móttakandi : <i>Gutján Rúnarsson</i> <i>ritafrá aðstoðarmannafundi</i> Myndsími :	Sendandi : <i>Dómsráðgjafi</i> <i>Dómsráðgjafi</i> Tilvísun : Bréfalykill :
Sent : <i>21.3.'96</i>	Fjöldi síðna : <i>3</i>

Efni:



Breytingartillaga

við frumvarp til laga um mannanöfn.

1. Við 14. gr. Á eftir 4. mgr. komi ný málsgrein er orðist svo:

Heimilt er með leyfi dómsmálaráðherra að fósturbarn, sem er í varanlegu fóstri hjá fósturforeldrum, sé kennt til fósturforeldris. Leita skal samþykkis kynforeldra barnsins, ef unnt er, áður en ákvörðun er tekin um slíkt leyfi. Nú er kynforeldri ekki samþykkt breytingu á kenninafni og getur dómsmálaráðherra þá engu að síður leyft breytinguna ef sérstaklega stendur á og telja verður að breytingin verði barninu til verulegs hagræðis.

fari í
Nefndarálit

v/breytingartill. við 14. gr. frv. til l. um mannanöfn.

Frá allsherjarnefnd.

Ef óskað er breytingar á kenningarnafni fósturbarns, sem komið hefur verið í varanlegt fóstur þar til það verður sjálfráða, skv. ákvæðum laga um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992, þannig að það verði kennt til fósturforeldris, er lagt til að dómsmálaráðherra verði heimilt að leyfa slíka kenningarnafnsbreytingu. Leita skuli samþykkis kynforeldra barnsins, ef unnt er, áður en ákvörðun er tekin um slíkt leyfi. Ef kynforeldrar, annað eða bæði, eru andvíg breytingunni er lagt til að dómsmálaráðherra geti engu að síður leyft hana ef sérstaklega stendur á og telja verður breytingin verði barninu til verulegs hagræðis. Síðastgreindu skilyrðin eru í samræmi við ákvæði 3. mgr. þessarar greinar um heimild til að barn megi kenna til stjúpforeldris. Ábending um þessa breytingu hefur borist frá umboðsmanni barna og fengið jákvæðar undirtektir barnaverndaryfirvalda.